

AUGLÝSING

um samþykkt á nýju deiliskipulagi í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt nýja deiliskipulagsáætlun sem hér segir:

Þingvallavegur í Mosfellsdal.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir byggingu 2 hringtorga á Þingvallaveginum, annars vegar við gatnamót Helgadalsvegar og hins vegar við Æsustaðaveg og Mosfellsveg. Gert er ráð fyrir að þessi framkvæmd muni leiða til þess að meðalhraðinn muni lækka og að í kjölfarið verði hægt að fækka tengingum við Þingvallaveg á þessum vegakafla. Ætla má að með lægri meðalhraða og færri vegtengingum dragi úr slyshættu og hljóðmengun. Sérstaklega er hugað að öruggum gönguleiðum fyrir börn á leið í og úr skóla og ráðstöfunum til að draga úr hraðakstri.

Ofangreint deiliskipulag hefur hlotið meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

F.h. Mosfellsbæjar, 26. mars 2019,

Ólafur Melsted skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 27. mars 2019